

Fundargerð Aðalfundar 2003

Aðalfundur Skýrslutæknifélags Íslands á Grand Hótel Reykjavík þann 13 febrúar 2003 kl. 15:00- 16:45

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2002

Eggert Ólafsson formaður Ský flytur skýrslu stjórnar.

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

a) Orðanefnd

Sigrún Helgadóttir formaður flutti skýrsluna.

Nefnin hélt um það bil 25 fundi í fyrra. Sigrún segir frá því að út sé komið Táknorðasafn sem Íslensk málnefnd hafi gefið út undir ritröðinni Íslensk smárit og nefnist safnið Íslensk táknaheiti. Sigrún skýrði frá styrk sem Orðanefndin fékk frá Norræna málráðinu, sérstaklega ætluðum til að styrkja litlu norrænu tungumálin svokölluðu: íslensku, samísku, færeysku, grænlenku. Þetta voru 125.000 danskar. Þessa peninga á að nota í að uppfæra orðasafnið á netinu og hefur Stefán Briem verið ráðinn í hálf starf til að vinna verkið. Ský mun auglýsa eftir orðum og orðalistum meðal félagsmanna sinna. Orðanefndin hefur haft fundaraðstöðu lengst af uppí HÍ en er flutt með fundaraðstöðu sína í Nýherjahúsið.

b) Ritnefnd Tölvumála

Einar H. Reynis flutti skýrslu ritnefndar.

Nú eru ritið Tölvumál að mestu leyti gefið út á vefnum. Einar skýrði þó frá því að stefnt væri að útgáfu blaðs núna í maí, sem muni innihalda m.a. úrval greina af vefnum. Vinnsluferlið hefur breyst töluvert eftir að blaðið var sett á vefinn og hefur ritstjórn, eða ritstjóri sent inn stuttar fréttir á forsiðu.

c) FUT

Svana Helen Björnsdóttir sem er fulltrúi Ský í FUT sagði frá starfsemi FUT. Liðið ár var viðburðaríkt. Endurskoðaðir voru staðlar, stofnuð öryggistækninefnd og fl..

Meðfylgjandi er yfirlit yfir starfsemi og þau verkefni sem FUT leggur áherslu á að sinna. [Sjá skjal :http://cccccccccccccccccccc](http://cccccccccccccccccccc)

Fagráðið starfar í Staðlaráði Íslands en aðilar greiða félagsgjöld sem fara í að reka félagið. Stjórnarfundir voru 9 á árinu. Í mars á síðasta ári var Rúnar Már kosinn formaður en Guðbjörg Björnsdóttir er framkv.stj. Meðf.er yfirlit yfir verkefni fagráðsins.

d) SARÍS

Rúnar Már Sverrisson formaður SARÍS flytur skýrsluna. Upp hefur komið sú hugm.að gera Ísland að tilraunasamfélagi og tengist þetta styrkjum frá Evrópusambandinu.

Man-Sze Li (sem hélt fyrirlestur hér í fyrra á SARÍS ráðstefnunni og er formaður Ebiz er mikill áhrifamaður í þessu máli). Rúnar Már og Guðbjörg Björnsdóttir ritari SARÍS hafa unnið að þessu verkefni og mun það verða kynnt á hádegisverðarfundum á vegum Ský í næsta mánuði.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 2002

Brynja Guðmundsdóttir skýrði út reikninga félagsins. Rekstartekjur hafa heldur dregist saman og skýrist það helst á samdrætti við augl.sölu. Aðhaldaðgerðir í rekstri hafa skilað sér í meiri framlegð af ráðstefnuhaldi. Framlegðin hefur farið úr 41% í 52%.

Dregið hefur úr útgáfukostnaði TM, vegna þeirrar ákvörðunar stjórnar að gefa bara út tvö blöð á árinu 2002.

Árinu 2002 var greiddur út styrkur til Orðanefndar sem spilar þátt í uppgjöri. Hönnun nýs lógós, og vefútlits hefur einnig haft áhrif, ásamt því að unnið var að nýrri þýðingu á prófum Tölvuökuskírteinisins. Útgáfu 3,0.

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

4. Lagabreytingar

Ekki voru lagðar fram tillögur að lagabreytingum.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2003

Brynja Guðmundsdóttir gjaldkeri skýrði frá vangaveltum stjórnar vegna félagsgjalda fyrir árið 2003 og því hvort hægt væri á viðunandi hátt að breyta þeim þannig að allir yrðu ánægðir.

Ekki hafi orðið nein niðurstaða í þessu máli en Brynja Guðmundsdóttir leggur fram þá tillögu að félagsgjöldum verði haldið óbreyttum. Var sú tillaga Brynju samþykkt.

6. Stjórnarkjör

Formaðurinn gefur kost á sér áfram, hann telst sjálfkjörinn því ekki hafa aðrir gefið kost á sér. Svana Helen Björnsdóttir, gefur kost á sér aftur til tveggja ára. Heiðar Jón Hannesson og Ólafur Aðalsteinsson bjóða sig fram í stjórn til tveggja ára. Stungið er upp á tveimur varamönnum í stað Heiðar Jóns og Ólafs, þeim Ebbu Þóru Hvannberg og Arnaldi Axfjörð. Eru þeir kosnir til eins árs og var það samþykkt samhljóða.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gefa kost á sér aftur og var það samþykkt samhljóða.

8. Nefndakjör

Lýst er eftir mótframboði í starf ritstjóra Tölvumála, ekki gefa aðrir kost á sér en Einar og er hann því sjálfkjörinn.

Siðanefnd er sjálfkjörinn aftur

9. Önnur mál

Sigurjón Pétusson biður um orðið og þakkar stjórnarmönnum og öðrum liðsmönnum sem hafa lagt hönd á plóginn. Það sem lifir okkur af er hið ritaða mál, fréttabréf og blað. Hann vill hvetja forráðamenn til að láta af þessu "aumingavæli". Telur gildi faglegra funda og ráðstefna vanmetið og mætti verðleggja þá hærra. Að lokum vill hann hvetja Ský til að halda ótrauð áfram.

Formaður félagsins, Eggert Ólafsson biður um orðið.

Hann kveður Brynju Guðmundsdóttur og Sigurborgu Gunnarsdóttur, en Sigurborg Gunnarsdóttir sem einnig er að hætta í stjórn er fjarverandi, og þakkar þeim velunnin störf í þágu félagsins.

16 manns voru viðstaddir.

Ritarar Hólmfríður Arnardóttir og Svana Helen Björnsdóttir